

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 16

5. árgangur

23.4.1998

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

98/EES/16/01 Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 45/98/COL frá 4. mars 1998 um þrettánda breytingu á „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar” 1

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

98/EES/16/02 Tilkygning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1080 - Thyssen/Krupp) 11

98/EES/16/03 Tilkygning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1110 - VAW/Reynolds Metals) 12

98/EES/16/04 Tilkygning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.KSE.1278 - Thyssen/Krupp) 12

98/EES/16/05 Tilkygning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1164 - GEC Alsthom/Cegelec) 13

98/EES/16/06 Tilkygning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1178 - Koch/Eurosplitter & J. Aron) 14

98/EES/16/07 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1037 - Nomura/Blueslate) 14

98/EES/16/08	Engin andstaða gegn tilkyntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1113 - Nortel/Norweb)	15
98/EES/16/09	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar um samstarfssamning milli Finnair og Maersk Air sem varðar flugleiðina milli Kaupmannahafnar og Stokkhólms	15
98/EES/16/10	Drög að tilkynningu samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 varðandi mál nr. IV/36.533/F-3 - Yves Saint Laurent Parfums	16
98/EES/16/11	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Breyting franskra stjórnvalda á skyldum um opinbera þjónustu í áætlunarflugi í Frakklandi	16
98/EES/16/12	Rekstur áætlunarflugs - Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Le Havre (Octeville), Rouen (Vallée de la Seine) og Strasborgar (Entzheim)	17
98/EES/16/13	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 23. 3. til 27. 3. 1998	18
98/EES/16/14	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	19
3. Dómstóllinn		
98/EES/16/15	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna	20
98/EES/16/16	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi	22

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRDUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

98/EES/16/01

nr. 45/98/COL

frá 4. mars 1998

um þrettánda breytingu á „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar“

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

hefur breytt „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar“⁽¹⁾, sem voru samþykktar 19. janúar 1994⁽²⁾ og síðast breytt 17. desember 1997⁽³⁾, svo sem hér segir:

1. Eftirfarandi reglur um útflutningsláanstryggingar til skamms tíma og skrá yfir lönd þar sem markaðshæf áhætta er fyrir hendi (að því er lýtur að beitingu reglnanna í kafla 17A um útflutningsláanstryggingar til skamms tíma) bætast við leiðbeiningarnar um ríkisaðstoð sem nýr kafli, kafli 17A og nýr viðauki, IX. viðauki:

⁽¹⁾ Hér á eftir vísað til sem leiðbeininganna um ríkisaðstoð.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 231, 3. 9. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 32, 3. 9. 1994, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 38, 5. 2. 1998, bls. 19 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 5, 5. 2. 1998, bls. 214.

„17A. ÚTFLUTNINGSLÁNATRYGGINGAR TIL SKAMMS TÍMA⁽⁴⁾“

17A.1. Inngangur

- 1) Útflutningsstýrki hafa bein áhrif á samkeppni milli hugsanlegra vörubirgja og þjónustuaðila. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna og Eftirlitsstofnun EFTA sem viðurkenna þessi skaðlegu áhrif hafa ávallt fordæmt útflutningsaðstoð í viðskiptum innan EES⁽⁵⁾. Þrátt fyrir að stuðningur EES-ríkja við útflutning til ríkja utan EES kunni einnig að hafa áhrif á samkeppni innan EES⁽⁶⁾ hefur þó hvorki framkvæmdastjórn EB né Eftirlitsstofnun EFTA haft nein skipuleg afskipti á þessu sviði samkvæmt viðkomandi reglum EB-sáttmálans um ríkisaðstoð (92., 93. og 94. gr.) eða EES-samningsins (61. gr. og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól). Fyrir því liggja ýmsar ástæður. Í fyrsta lagi gilda ákvæði 112. og 113. gr. EB-sáttmálans um utanríkisviðskipti að hluta til um þetta svið í Evrópusambandinu. Í annan stað hefur aðstoð vegna útflutnings til þriðju landa ekki aðeins áhrif á samkeppni innan Evrópusambandsins eða EES heldur einnig á samkeppnishæfni EES-útflytjenda gagnvart útflytjendum í þeim löndum sem EES-ríkin eiga viðskipti við og sem veita sambærilega aðstoð. Að lokum hefur náðst árangur í eftirliti með aðstoð innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.
 - 2) Enda þótt framkvæmdastjórn EB hafi látið vera að beita umboðinu sem hún hefur til að hafa eftirlit með ríkisaðstoð á sviði útflutningslána og útflutningslánatrygginga, þar til orðsendingin sem samsvarar þessum reglum var tekin upp, hefur starfsemi útflutningslánanefndar Evrópusambandsráðsins⁽⁷⁾ og mál fyrir dómstól Evrópubandalaganna⁽⁸⁾, að álitum framkvæmdastjórnarinnar, leitt í ljós að á minnsta kosti einu sviði, þ.e. á sviði útflutningslánatrygginga til skamms tíma, kann raunveruleg eða hugsanleg röskun á samkeppni innan Evrópusambandsins að réttlæta aðgerðir framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt reglum um ríkisaðstoð án þess að beðið sé úrbóta á öðrum vettvangi.
 - 3) EES-samningurinn kveður ekki á um sameiginlega viðskiptastefnu gagnvart þriðju löndum og felur því ekki í sér ákvæði sem samsvara ákvæðum 112. og 113. gr. EB-sáttmálans. Samningurinn skerðir því ekki frelsi EFTA-ríkjana til að efla viðskipti við þriðju lönd á sama hátt og EB-sáttmálinn gerir gagnvart aðildarríkjum EB, að því tilskildu að aðgerðir í því skyni hafi ekki áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum. Eins og greint er frá hér að framan geta þó aðgerðir af þessu tagi haft áhrif á samkeppni og viðskipti innan EES. En það er ekki aðeins samkeppni milli útflytjenda í mismunandi EES-ríkjum sem eiga í viðskiptum innan og utan EES sem getur raskast, heldur einnig samkeppni milli váttryggingafélaga útflutningslána sem bjóða þjónustu sína innan EES. Eftirlitsstofnunin telur því að gildissvið 61. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól hvað varðar útflutningslánatryggingar til skamms tíma sé sambærilegt gildissviði 92. og 93. gr. EB-sáttmálans. Með öðrum orðum kallar raunveruleg eða hugsanleg röskun á samkeppni og viðskiptum innan EES á aðgerðir af hálfu stofnunarinnar samkvæmt reglum um ríkisaðstoð.
 - 4) Markmið þessara reglna er að koma í veg fyrir röskun á samkeppni sem leiðir af ríkisaðstoð í þeim viðskiptum með útflutningslánatryggingar þar sem samkeppni ríkir milli opinberra eða ríkisstyrktra váttryggingafélaga útflutningslána og einkarekinna váttryggingafélaga útflutningslána. Þessi hluti viðskipta með útflutningslánatryggingar varðar tryggingar gegn útflutningslánaáhættu til skamms tíma í viðskiptum innan EES og við mörg lönd utan svæðisins. Slík áhætta er kölluð
- (4) Þessi kafli samsvarar orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjana samkvæmt 1. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans um beitingu 92. og 93. gr. sáttmálans gagnvart útflutningslánatryggingum til skamms tíma (Stjtið. EB nr. C 281, 17. 9. 1997, bls. 4).
- (5) Í 242. lið í sjöundu skýrslu sinni um stefnu í samkeppnismálum lýsti framkvæmdastjórn EB því yfir að útflutningsaðstoð í viðskiptum innan bandalagsins „gæti ekki fengið undanþágu hvert svo sem umfang, form, ástæður eða markmið hennar væru”.
- (6) Sjá dóm EB-dómstólsins í máli C142/87 Belgía gegn framkvæmdastjórninni [1990] dómasafn, bls. I-959. Sjá einnig mál C 44/93 Assurances du Crédit gegn OND og Belgíu [1994] dómasafn, bls. I-3829, 30. mgr.
- (7) „Lánatryggingar og innri markaðurinn 1992 (skammtímalán)”, skýrsla kynnt samhæfingarhópnun, málflytjandi P. Callut.
- (8) Sjá mál C 63/89 Assurances du Crédit og Cobac gegn ráðinu og framkvæmdastjórninni [1991], dómasafn, bls. I-1799, og mál C44/93 Assurances du Crédit gegn OND og Belgíu [1994] dómasafn, bls. I-3829.

„markaðshæf” og er skilgreind í þætti 17A.2. hér á eftir. Skilgreiningin tekur sem stendur aðeins til svonefndrar „viðskiptalegrar” áhættu, sem er andstæð „stjórnmalalegri” áhættu, í viðskiptum innan EES og við flest lönd sem eiga aðild að OECD, sem talin eru upp í IX. viðauka við þessar leiðbeiningar. Þrátt fyrir að EFTA-ríkin hafi unnið talsvert að því að útrýma aðstoð í viðskiptum með útflutningslánatryggingar er nauðsynlegt, svo framkvæmd EES-samningsins gangi vel, að gera ráðstafanir til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði í öllum tilvikum.

- 5) Þessar reglur fjalla ekki um váttryggingar til meðallangs eða langs tíma vegna útflutningslánaáhættu sem í dag er að stórum hluta ekki markaðshæf. Þættir þess valdandi að framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna og Eftirlitsstofnun EFTA hafa látið vera að beita í ríkum mæli heimildunum til að hafa eftirlit með ríkisaðstoð mæla enn gegn aðgerðum á því sviði.
- 6) Í þætti 17A.2. í þessum reglum er uppbyggingu markaðarins fyrir útflutningslánatryggingar lýst. Líkt og á viðskipta- eða markaðssviðinu þar sem einkarekin váttryggingafélög starfa og sem þessar reglur gilda um, er annars vegar greint á milli einkarekinna váttryggingafélaga í útflutningslánastarfsemi og hins vegar opinberra eða ríkisstyrktra váttryggingafélaga. Einnig er útskýrt hvers vegna og í hve ríkum mæli ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð eiga við. Að lokum gerir eftirlitsstofnunin í þætti 17A.4. grein fyrir þeim aðgerðum sem hún telur nauðsynlegar til að tryggja að sérhver fyrirliggjandi ríkisaðstoð, af því tagi sem um getur í þætti 17A.3., sé upprætt af markaðinum og óskar eftir að EFTA-ríkin geri viðeigandi ráðstafanir, ef þörf krefur, samkvæmt 1. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

17A.2. MARKAÐSHÆFAR OG ÓMARKAÐSHÆFAR ÚTFLUTNINGSLÁNATRYGGINGAR TIL SKAMMS TÍMA

- 1) Skýrsla útflutningslánanevndar Evrópusambandsráðsins, sem um getur í neðanmálgrein í 2. mgr. í þætti 17A.1. hér að framan (hér á eftir kölluð „skýrslan”), kvartanir frá einkareknum váttryggingafélögum útflutningslána til framkvæmdastjórnar EB og mál fyrir dómstól Evrópubandalaganna, leiða í ljós að í nokkrum aðildarríkjum EB eru það sömu „opinberu” útflutningslánaskrifstofurnar, sem tryggja gegn áhættu útflytjenda til meðallangs og langs tíma á vegum ríkisins eða með ríkisábyrgð⁽⁹⁾, sem starfa einnig á vegum ríkisins eða með ríkisábyrgð á markaðinum með útflutningslánatryggingar til skamms tíma og þá í samkeppni við einkarekin váttryggingafélög útflutningslána sem hafa engin slík tengsl við ríkið. Forkönnun Eftirlitsstofnunar EFTA bendir til að slíkt eigi sér einnig stað í tveimur af þremur EFTA-ríkjum sem eiga aðild að EES-samningnum, þ.e. í Noregi og á Íslandi. „Opinberu” útflutningslánaskrifstofurnar sem hér um ræðir geta verið stjórnsýsludeildir, fyrirtæki í eigu eða undir stjórn ríkisins, eða fyrirtæki sem eru að öllu leyti í eigu og undir stjórn einkaaðila. Í þessum reglum verða slíkar stofnanir kallaðar „opinber eða ríkisstyrkt váttryggingafélög útflutningslána”. Líkt og „opinberar” stofnanir sem annast bæði tryggingar til meðallangs eða langs tíma, sem og skammtímatryggingar, kunna einhver váttryggingafélög útflutningslána í einkaeigu og undir stjórn einkaaðila sem eingöngu annast skammtímatryggingar einnig að njóta stuðnings ríkisstjórna sinna í formi ábyrgða eða sambærilegra endurtryggingaráðstafana fyrir suma þætti starfsemi sinnar. Þessi váttryggingafélög verður einnig að flokka sem „opinber eða ríkisstyrkt”. Hins vegar verða váttryggingafélög útflutningslána sem aðallega eða eingöngu annast skammtímatryggingar sem ekki eru rekin á vegum ríkisins eða með ríkisábyrgð⁽¹⁰⁾ kölluð „einkarekin váttryggingafélög útflutningslána”.
- 2) Skýrslan leiddi í ljós að þegar opinber eða ríkisstyrkt váttryggingafélög útflutningslána störfuðu á vegum ríkisins eða með ríkisábyrgð á hluta skammtíamarkaðarins, þar sem þau áttu í samkeppni við einkarekin váttryggingafélög, nutu þau ákveðinna fjárhagslegra forréttinda sem gátu raskað samkeppni við einkarekin váttryggingafélög. Í engu landanna höfðu opinber eða ríkisstyrkt váttryggingafélög útflutningslána einkarétt á skammtíma viðskiptum.

⁽⁹⁾ Í sumum tilvikum eru viðskipti til meðallangs eða langs tíma rekin án ríkisábyrgðar en með alhliða endurtryggingarsamningi við ríkisstjórna.

⁽¹⁰⁾ Eða sambærilegum endurtryggingarástöfunum.

- 3) Eitt flóknasta viðfangsefni skýrslunnar er bein eða óbein ríkisendurtrygging. Í skýrslunni er greint frá endurtryggingafyrirkomulagi sem veitir 100% tryggingu og samsvarar ábyrgðum sem teljast til styrkja. Nú er viðurkennt að endurtryggingafyrirgæiðsla þar sem ríkið á eingöngu aðild að eða eykur við einkaendurtryggingasamning kunnir einnig að veita váttryggingafélögum sem þessa njóta forskot á einkarekin váttryggingafélög sem ekki hafa slíka tryggingu og raski þannig samkeppni.
- 4) Þrátt fyrir nýlegar umbætur sem fela í sér að opinber eða ríkisstyrkt váttryggingafélög útflutningslána flytja í æ ríkara mæli skammtímaviðskipti sín til aðskilinna fyrirtækja eða taka upp aðskilið bókhald, hefur þess verið getið hér að framan, að enn er þörf á aðgerðum til að skapa jöfn samkeppnisskilyrði svo sem æskilegt er. Fyrsta verkefnið er að afmarka það svið þar sem samkeppnismarkaður er fyrir hendi. Í skýrslunni er ráðandi viðmið til að greina markaðssviðið það hvort einkaendurtrygging væri almennt í boði en ekki aðeins í einstökum tilvikum. Í ljós kom að svarið var almennt „já” hvað varðar viðskiptaáhættu vegna almennra kaupenda, en að getan til að tryggja gegn stjórnmalalegri áhættu (þar með talin áhætta í viðskiptum við opinbera kaupendur, áhætta við gjaldreysifyrfærslur og hamfaraáhætta sem ekki er viðskiptalegs eðlis) hefur hingað til verið svo takmörkuð að ekki hefur verið hægt að líta á tryggingar gegn slíkri áhættu sem markaðsstarfsemi. Út frá greiningu á einkaendurtryggingamarkaðinum á grundvelli þriggja viðmiða þ.e. tímabils, staðsetningar og eðlis áhættunnar sem tryggt er gegn er „markaðshæf” áhætta í skýrslunni talin fela í sér viðskiptaáhættu með áhættutímabili sem nemur alla jafna mest þremur árum fyrir útflutning um allan heim.
- 5) Athugasemdir frá aðildarríkjum EB, EFTA-ríkjunum, viðskiptasamtökum og váttryggingafélögum sem fylgdu í kjölfarið bentu almennt til að þessi skilgreining væri of víðtæk. Flestar þessara athugasemda voru samhljóða skýrslunni um það að stjórnmalaleg áhætta skyldi ekki talin með vegna þess að einkaendurtryggingamarkaðurinn væri ekki nógu stór, og að æskilegra væri að hámarksáhættutímabil næmi tveimur árum fyrir viðskiptalega áhættu. Einnig virtist mjög erfitt að endurtryggja á viðkomandi markaði gegn viðskiptaáhættu í tengslum við langvarandi vanskil á greiðslum frá löndum utan OECD.
- 6) Vegna náninna tengsla milli langvarandi vanskila og gjaldþrota - þar sem langvarandi vanskil eru líkleg til að leiða til gjaldþrots - og þar af leiðandi þeirrar nauðsynjar að flokka báða þessa áhættuþætti í sama flokk (markaðshæfa eða ómarkaðshæfa), er ráðlegt að útiloka um sinn hvers kyns viðskiptaáhættu vegna landa utan OECD frá skilgreiningunni á markaðshæfri áhættu og frá gildissviði þessara reglna. Loks virðist að enn sé erfiðleikum háð að fá einkaendurtryggingu vegna viðskiptaáhættu í nokkrum OECD-löndum.
- 7) Í ljósi framansagðs er „markaðshæf” áhætta skilgreind í þessum reglum sem viðskiptaáhætta vegna óopinberra lánþega⁽¹⁾ með staðfestu í löndum sem eru talin upp í IX. viðauka við þessar leiðbeiningar. Vegna slíkrar áhættu er hámarksáhættutímabil (þ.e. framleiðslutímabil að viðbættu lánstímabili með venjulegum upphafstíma Bern-sambandsins og venjulegum lánskjörum) undir tveimur árum.
- 8) Öll önnur áhætta (þ.e. stjórnmalaleg áhætta, hamfaraáhætta⁽²⁾) og viðskiptaáhætta vegna opinberra kaupenda og landa sem ekki eru talin upp í IX. viðauka) er ekki ennþá talin markaðshæf.
- 9) „Viðskiptaáhætta” er í þessum reglum skilgreind sem:
 - tilefnislaus höfnun á samningi af hálfu lánþega, þ.e. sérhver tilefnislaus ákvörðun óopinbers lánþega að slíta eða binda enda á samning án lögmætra ástæðna,

⁽¹⁾ Eða óopinberra ábyrgðarmanna. Opinber lánþegi eða ábyrgðarmaður er lánþegi eða ábyrgðarmaður sem á einn eða annan hátt er í fyrirsvari fyrir hið opinbera og getur því ekki verið lýstur gjaldþrota hvorki af dómstólum né stjórnvöldum. Í þessum reglum eru fyrirtæki í eigu eða undir stjórn hins opinbera í löndum sem talin eru upp í IX. viðauka við þessar leiðbeiningar sem lönd þar sem markaðshæf áhætta er fyrir hendi og bundin eru af almennum ákvæðum félagaréttar talin vera óopinberir lánþegar eða ábyrgðarmenn.

⁽²⁾ Þ.e. stríð, bylting, náttúruhamfarir, kjarnorkuslys o.s.frv., ekki svokölluð „viðskiptaleg hamfaraáhætta” (stóráfallauppsöfnun tjóna einstakra kaupenda eða landa), sem hægt er að tryggja sig gegn með umframskaðandurtryggingu og sem er viðskiptaáhætta.

- tilefnislaus synjun óopinbers lánþega að samþykkja vörur sem falla undir samninginn án lögmætra ástæðna,
 - gjaldþrot óopinbers lánþega eða ábyrgðarmanns hans,
 - vanefnd á greiðslu af hálfu óopinbers lánþega eða ábyrgðarmanns skuldar sem leiðir af samningnum þ.e. langvarandi vanskil á greiðslu.
- 10) Framboð á einkaendurtryggingamarkaðinum er breytilegt. Þetta þýðir að skilgreining á markaðshæfri áhættu er ekki endanleg og kann að breytast með tímanum. T.d. mætti láta hana ná yfir stjórnmalalega áhættu. Eftirlitsstofnunin verður því að endurskoða skilgreininguna reglulega (þ.e. að minnsta kosti einu sinni á ári). Hún mun hafa samráð við EFTA-ríkin, og ef við á, aðra hagsmunaaðila um slíka endurskoðun. Að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur verða breytingar á skilgreiningunni að taka mið af umfangi EES-löggjafar um útflutningslánatryggingar til að koma í veg fyrir hverskonar misræmi eða réttaróvissu.

17A.3. ÞÆTTIR SEM RASKA SAMKEPPNI MILLI EINKAREKINNA OG OPINBERRA EÐA RÍKISSTYRKTRA VÁTRYGGINGAFÉLAGA ÚTFLUTNINGSLÁNA

- 1) Þættir sem kunna að raska samkeppni í þágu opinberra eða ríkisstyrktra vátryggingafélaga útflutningslána sem tryggja gegn markaðshæfri áhættu eru meðal annars⁽¹³⁾:
- ríkisábyrgðir, að lögum eða í reynd, á lánum og til að mæta tapi. Slíkar ábyrgðir gera vátryggjendum kleift að taka lán með lægri vöxtum en bjóðast á almennum markaði eða taka lán yfirhöfuð. Ennfremur gera þær vátryggjendum kleift að komast hjá því að endurtryggja sig á einkamarkaðinum,
 - hvers kyns mismunur, samanborið við einkarekin vátryggingafélög, hvað varðar kröfur um að mynda fullnægjandi varasjóði. Þess ber að geta að þegar tilskipun ráðsins 73/239/EBE⁽¹⁴⁾ var breytt með tilskipun 87/343/EB⁽¹⁵⁾ ríkti sá skilningur að útilokun á starfsemi með útflutningslánatryggingar á vegum ríkisins eða með ríkisábyrgð (d-liður 2. mgr. 2. gr. upphaflegu tilskipunarinnar) tæki ekki til starfsemi í tengslum við skammtíamaviðskiptaáhættu sem opinber eða ríkisstyrkt vátryggingafélög útflutningslána rækju á eigin kostnað og án ríkisábyrgðar⁽¹⁶⁾. Í þessu felst að til að tryggja gegn skammtíamaviðskiptaáhættu, verða opinber eða ríkisstyrkt vátryggingafélög útflutningslána að eiga ákveðna upphæð eigin fjár (greiðsluhæfi, þar með talinn ábyrgðarsjóð) og tryggingavarasjóð, (þ.e. útföfnunarsjóð) og verða að hafa starfsleyfi samkvæmt 6. gr. og áfram í tilskipun 73/239/EBE,
 - eftirgjöf eða undanþága frá sköttum sem alla jafna ber að greiða (t.d. fyrirtækjaskattur og gjöld sem tengjast vátryggingarskírteinum),

⁽¹³⁾ Ef opinber eða ríkisstyrkt vátryggingafélög útflutningslána, sem veita tryggingu vegna ómarkaðshæfrar áhættu, setja sem skilyrði að tryggt sé hjá þeim gegn markaðshæfri áhættu kann það að brjóta í bága við 54. gr. EES-samningsins. Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB gætu hafið málsmeðferð vegna slíkrar kröfu og einnig kynnu dómstólar og innlend samkeppnisfyrirvöld að vefengja hana.

⁽¹⁴⁾ Fyrsta tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga (Stjttíð. EB nr. L 228, 16. 8. 1973, bls. 3), sbr. 2. lið í IX. viðauka við EES-samninginn.

⁽¹⁵⁾ Tilskipun ráðsins 87/343/EBE frá 22. júní 1987 um breytingu á fyrstu tilskipun ráðsins 73/239/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga (Stjttíð. EB nr. L 185, 4. 7. 1987, bls. 72), sbr. þriðji undirliður 2. liðar í IX. viðauka við EES-samninginn.

⁽¹⁶⁾ Sjá dóm EB-dómstólsins í máli C 63/89, Assurances du Crédit og Cobac gegn ráðinu og framkvæmdastjórninni, sem vitnað er til í neðanmálsgrein 5, bls. 1848 (22. mgr.).

⁽¹⁷⁾ Sjá 19. og 20. kafla í þessum leiðbeiningum um ríkisaðstoð.

- ríkisaðstoð eða fjárframlög ríkisins. Hvað varðar hið síðarnefnda, gildir sú meginregla, að ef ríkið aðhefst ekki á markaðinum eins og einkafjárfestir myndi gera, fela eigin fjárframlög þess í sér ríkisaðstoð⁽¹⁷⁾; veiting þjónustu af hálfu ríkisins í fríðu, svo sem frjáls aðgangur að og notkun ríkisgrunnvirkja og -aðstöðu eða sérstakur aðgangur að upplýsingum (t.d. upplýsingum sem sendir á safna um lánþega) á kjörum sem ekki endurspeglar kostnað þeirra; og ríkisendurtryggingar, annað hvort beint eða óbeint í gegnum opinbert eða ríkisstyrkt váttryggingafélag útflutningslána, á hagstæðari kjörum en bjóðast á einkaendurtryggingamarkaðinum, sem hefur annaðhvort í för með sér að endurtryggingar fást á undirverði eða að sýndarframboð verður til sem einkamarkaðurinn myndi ekki sjá fyrir.
- 2) Sú fyrirgreiðsla sem talin er upp í 1. mgr. í þætti 17.A.3. veitir eða kann að veita váttryggingafélögum útflutningslána sem njóta hennar fjárhagsleg fríðindi umfram önnur váttryggingafélög útflutningslána. Slík fjárhagsleg fríðindi sem tilteknum fyrirtækjum er veitt raska samkeppni og eru ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 3) 1. mgr. 61. gr. gildir um allar ráðstafanir þar sem tilteknum fyrirtækjum eða vörum eru tryggð fjárhagsleg eða rekstrarleg fríðindi og sem hafa eða kunna að hafa í för með sér kostnað eða tap opinberra sjóða og þar sem lítils eða einskis er krafist af viðkomandi styrkþega, að svo miklu leyti sem slíkar ráðstafanir hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila og raska eða eru til þess fallnar að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara⁽¹⁸⁾.
- 4) Fjárhagsleg fríðindi sem talin eru upp í 1. mgr. í þætti 17.A.3., hvað varðar markaðshæfa áhættu eins og hún er skilgreind í 7. - 9. mgr. í þætti 17.A.2. hafa áhrif á þjónustuviðskipti innan EES. Ennfremur leiða þau til þess að ólíkar váttryggingar gegn markaðshæfri áhættu bjóðast í einstökum EES-ríkjum og raska þar með samkeppni milli fyrirtækja í EES-ríkjum og hafa óbein áhrif á viðskipti innan EES óháð því hvort um er að ræða útflutning innan EES eða utan yfirráðsvæðis samningsaðilanna⁽¹⁹⁾. Undanþáguákvæðin í 61. gr. EES-samningsins gilda ekki um aðstoð í tengslum við váttryggingar vegna markaðshæfrar áhættu. Röskunaráhrif slíkrar aðstöðar innan EES vega þyngra en hugsanlegir hagsmunir einstakra ríkja eða sameiginlegir hagsmunir EES-ríkjana af því að styrkja útflutning. Þessi skoðun var staðfest í dómi Evrópudómstólsins í máli C-63/89, sem varðaði beint það efni sem fjallað er um í þessum reglum. Dómstóllinn taldi að þrátt fyrir að tilskipunin um takmarkaða samræmingu á útjöfnunarsjóðum fyrir váttryggingafélög, sem undanþiggur útflutningslánaváttryggingastarfsemi á vegum ríkisins eða á ábyrgð ríkisins, væri ekki ólöglegt, kynnu þættir sem röskuðu samkeppni milli einkarekinna og opinberra eða ríkisstyrktra váttryggingafélaga „að réttlæta málaferli til að refsa fyrir brot á ákvæðunum“⁽²⁰⁾ (þ. e. 92. gr. EB-sáttmálans). Í dómi sínum í máli C-44/93 taldi dómstóllinn að umrædd fríðindi væru ríkisaðstoð og staðfesti að framkvæmdastjórnin gæti gripið til aðgerða til að tryggja afnám þeirra.

17A.4. RÁÐSTAFANIR SEM GERA ÞARF TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR RÖSKUN Á SAMKEPPNI Í VIÐSKIPTUM MEÐ SKAMMTÍMAÚTFLUTNINGSLÁNATRYGGINGAR GEGN MARKAÐSHÆFRI ÁHÆTTU

- 1) Ríkisaðstoð af því tagi sem um getur í 1. mgr. í þætti 17.A.3., sem ríkisstyrkt váttryggingafélög útflutningslána njóta er tryggja gegn markaðshæfri áhættu sem er skilgreind í 7. - 9. lið í þætti 17.A.2., kann að raska samkeppni og getur því ekki fengið undanþágu samkvæmt reglum EES-
- ⁽¹⁸⁾ Sjá dóm EB-dómstólsins í máli 30/59 Steenkolenmijnen gegn High Authority [1961] dómasafn, bls. 1, 19. mgr., mál 173/73 Ítalía gegn framkvæmdastjórninni [1974] dómasafn, bls. 709 og mál 730/79 Philip Morris gegn framkvæmdastjórninni [1980] dómasafn, bls. 2671.
- ⁽¹⁹⁾ Í dómi sínum í máli C 142/87 Belgía gegn framkvæmdastjórninni, sem vísað er til í neðanmálgrein í 1. mgr. í þætti 17.A.1. hér að framan, taldi dómstóll Evrópubandalaganna að það væri ekki aðeins aðstoð vegna útflutnings innan bandalagsins, heldur einnig aðstoð vegna útflutnings utan bandalagsins sem gæti haft áhrif á samkeppni og viðskipti innan bandalagsins. Hvort tveggja er tryggt af váttryggendum útflutningslána og aðstoð getur því í báðum tilvikum haft áhrif á samkeppni og viðskipti innan bandalagsins.
- ⁽²⁰⁾ Sjá 24. mgr. dóms EB-dómstólsins í máli C-63/89 sem vísað er til í neðanmálgrein 3. mgr. í þætti 17.A.1. hér að framan. Aðallögmaður Tesaro taldi í álitinu sínu í málinu að þegar um væri að ræða samkeppni milli opinberra eða ríkisstyrktra váttryggingafélaga „leikur vafi á hvort ríkið geti á lögmatan hátt veitt opinberum fyrirtækjum baktryggingu. Slík meðalganga kynni að vera ósamrýmanleg reglunum um ríkisaðstoð ...“ (1991), dómasafn, bls. I-1835, 15. liður.

samningsins um ríkisaðstoð.

- 2) Því eru EFTA-ríkin beðin, með vísan til 1. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, að breyta, ef þörf krefur, fyrirkomulagi sínu á útflutningslánavátryggingum gegn markaðshæfri áhættu á þann veg að hætt verði að veita ríkisaðstoð til opinberra eða ríkisstyrktra vátryggingafélaga vegna slíkrar áhættu fyrir 1. janúar 1999, enda sé um að ræða:
 - a) ríkisábyrgðir á lánnum eða til að mæta tapi,
 - b) undanþágu frá kröfunni um að mynda fullnægjandi varasjóði og öðrum kröfum sem taldar eru upp í öðrum undirlit 1. mgr. í þætti 17.A.3.,
 - c) eftirgjöf eða undanþágu frá sköttum eða öðrum gjöldum sem alla jafna ber að greiða,
 - d) veitta aðstoð eða úthlutun fjármagns eða annað form fjármögnunar við aðstæður sem eru slíkar að einkafjárfestir, sem starfaði við eðlileg markaðsskilyrði, myndi ekki fjárfesta í fyrirtækinu, eða með skilyrðum sem einkafjárfestir myndi ekki fallast á,
 - e) veitta þjónustu ríkisins í fríðu svo sem aðgangi að og notkun á ríkisgrunnvirkjum og -aðstöðu eða sérstakur aðgangur að upplýsingum (t.d. upplýsingum sem sendiráð safna um lánþega) á kjörum sem ekki endurspeglar kostnað þeirra, og
 - f) ríkisendurtryggingar, annaðhvort beint eða óbeint í gegnum opinber eða ríkisstyrkt vátryggingafélög útflutningslána á hagstæðari kjörum en bjóðast á einkaendurtrygginga-markaðinum, sem hefur annaðhvort í för með sér undirverð á endurtryggingum eða sýndarframboð verður til sem einkamarkaðurinn myndi ekki sjá fyrir.
- 3) Á meðan beðið er niðurstöðu endurskoðunarinnar sem um getur í 6. mgr. í þætti 17.A.4. eru fyrirbyggjandi ráðstafanir hvað varðar viðbótarríkisendurtryggingar samt sem áður leyfilegar á aðlögunartímabili, að því tilskildu að:
 - ríkisendurtryggingar séu óverulegur hluti af heildarendurtryggingapakka vátryggingafélagsins,
 - þar sem endurtryggingasamningar vátryggingafélagsins sameina markaðshæfa og ómarkaðshæfa áhættu, þannig að hvers kyns ríkisendurtrygging tekur óhjákvæmilega til markaðshæfrar áhættu, sé umfang ríkisendurtryggingar vegna markaðshæfrar áhættu ekki umfram það sem í boði hefði verið á einkavátryggingamarkaðinum, ef leitað hefði verið sérstaklega eftir endurtryggingu gegn slíkri áhættu,
 - ríkisendurtrygging geri það ekki að verkum að vátryggingafélag geti tryggt viðskipti vegna einstakra kaupenda umfram þau takmörk sem endurvátryggingafélög sem eru á einkamarkaðinum setja,
 - iðgjaldið fyrir ríkisendurtryggingar endurspegli greinilega áhættuna, það sé reiknað út með viðskiptalegum aðferðum og sé að minnsta kosti jafnt iðgjaldi samkvæmt sambærilegum markaðsiðgjaldtaxta sé hann tiltækur,
 - ríkisendurtrygging vegna markaðshæfrar áhættu standi öllum lánavátryggingafélögum til boða sem uppfylla almennu skilyrðin um þátttöku.
- 4) Til að fara að 2. - 3. mgr. í þætti 17.A.4. verða opinber eða ríkisstyrkt vátryggingafélög útflutningslána að minnsta kosti að vera með aðskilda stjórnsýslu og halda aðskilda reikninga vegna vátrygginga sinna gegn markaðshæfri og ómarkaðshæfri áhættu á vegum ríkisins eða með ábyrgð ríkisins, þannig að sýnt sé fram á að þau njóti ekki ríkisaðstoðar við að vátryggja gegn markaðshæfri áhættu. Reikningar vegna viðskipta sem tryggð eru á reikning vátryggingafélagsins

(²¹) Tilskipun ráðsins 91/674/EEB frá 19. desember 1991 um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga (Stjtið. EB L 374, 31. 12. 1991, bls. 7), eins og hún var aðlöguð vegna EES-samningsins með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndainnar nr. 7/94 (Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28. 6. 1994).

skulu vera í samræmi við gerðina sem um getur í lið 12b í IX. viðauka við EES-samninginn⁽²¹⁾.

- 5) Ennfremur ber EFTA-ríki, sem veitir útflutningsláanýrtingingafélagi endurtryggingu með þátttöku í eða í tengslum við endurtryggingasamninga í einkageiranum og sem tekur bæði til markaðshæfrar og ómarkaðshæfrar áhættu, að sýna fram á að slíkar ráðstafanir hafi ekki í för með sér ríkisaðstoð í skilningi f-liðar 2. mgr. í þætti 17A.4.
- 6) Frá birtingu þessara reglna mun Eftirlitsstofnun EFTA, í þessu skyni og í nánú sambandi við EFTA-ríkin, að staðaldri hafa eftirlit með slíku fyrirkomulagi á grundvelli sex-mánaða skýrslna sem viðkomandi EFTA-ríki leggja fram og láta fara fram heildarendurskoðun á því eigi síðar en í febrúar 1999. Í endurskoðuninni verður tekið mið af allri þekkingu og reynslu sem áunnist hefur í millitíðinni um markaðsstarfsemi með skammtímaútflutningsláanýrtingingar og viðkomandi fhlutun EFTA-ríkjanna samkvæmt skýrslum um framkvæmdina sem leggja á fram í samræmi við 14. mgr. í þætti 17.A.4., samkvæmt fyrstu árlegu endurskoðuninni sem framkvæma skal samkvæmt 15. mgr. í þætti 17.A.4. og samkvæmt tilkynningum un beitingu undanþáguákvæðisins sem um getur í 8. - 13. mgr. í þætti 17.A.4. Ef í endurskoðuninni er komist að þeirri niðurstöðu að EFTA-ríki hafi veitt ríkisaðstoð, verður EFTA-ríkið beðið um að hætta henni eigi síðar en fyrir árslok 1999.
- 7) Við þær aðstæður sem kveðið er á um í 8. - 13. gr. hér á eftir (undanþáguákvæði) er heimilt að víkja frá meginreglunni um að opinber eða ríkisstyrkt váttryggingafélög útflutningslána megi eingöngu veita útflutningsláanýrtingingu vegna markaðshæfrar áhættu, ef komið er í veg fyrir fjárhagsleg fríðindi sem um getur í 2. mgr. í þætti 17.A.4., með fyrirvara um 3. mgr. í þætti 17.A.4.
- 8) Vegna skorts á getu til að tryggja eða endurbyggja kann trygging vegna markaðshæfrar útflutningslánaááhættu að vera tímabundið ófáanleg í tilteknum löndum í gegnum einkarekin váttryggingafélög útflutningslána eða opinber eða ríkisstyrkt váttryggingafélög útflutningslána sem starfa á eigin vegum. Því er slík áhætta tímabundið talin ómarkaðshæf.
- 9) Við slíkar aðstæður getur opinbert eða ríkisstyrkt váttryggingafélag útflutningslána, sem lætur í té tryggingu vegna ómarkaðshæfrar áhættu á vegum ríkisins eða með ábyrgð ríkisins, veitt tryggingu vegna slíkrar tímabundinnar ómarkaðshæfrar áhættu. Váttryggingafélagið skal svo sem kostur er, aðlaga iðgjaldataxta sína vegna slíkrar áhættu að töxtum sem tíðkast hjá einkareknum váttryggingavélögum útflutningslána vegna áhættunnar sem um ræðir.
- 10) EFTA-ríki sem hefur í hyggju að nota undanþáguákvæðið skal þegar í stað tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um drög að ákvörðun sinni. Tilkynningunni skal fylgja markaðsúttekt er sýni að ekki sé hægt að tryggja gegn áhættunni á einkaváttryggingamarkaðinum og það vottað af tveimur þekktum alþjóðlegum einkareknum váttryggingafélögum útflutningslána sem og frá innlendu váttryggingafélagi útflutningslána, þannig að beiting undanþáguákvæðisins sé réttlætt. Að öðrum kosti má hugsanlega sýna fram á að ekki sé unnt að fá tryggingu á einkaváttryggingamarkaðinum með því að leggja fram markaðsskýrslu frá óháðum ráðgjafa sem eftirlitsstofnunin telur áreiðanlegan og óhlutdrægan. Tilkynningin skal einnig hafa að geyma lýsingu á skilyrðum sem opinber eða ríkisstyrkt váttryggingafélög útflutningslána hyggjast setja vegna slíkrar áhættu.
- 11) Innan tveggja mánaða frá því að eftirlitsstofnuninni berst slík tilkynning mun hún rannsaka hvort beiting undanþáguákvæðisins samrýmist fyrrnefndum skilyrðum og EES-samningnum.
- 12) Komist eftirlitsstofnunin að því að skilyrði fyrir beitingu undanþáguákvæðisins séu uppfyllt takmarkast ákvörðun hennar (um samrýmanleika) við tvö ár frá samþykkt ákvörðunarinnar, að því tilskyldu að markaðsaðstæður sem réttlæta notkun undanþáguákvæðisins breytist ekki á þeim tíma.
- 13) Ennfremur er eftirlitsstofnuninni heimilt í samráði við EFTA-ríkin að endurskoða skilyrði fyrir notkun undanþáguákvæðisins. Einnig er henni heimilt að ákveða að nema það úr gildi eða taka

upp í staðinn annað kerfi sem hentar betur.

- 14) Þessar reglur gilda frá 1. júní 1998 þar til í árslok 2002. EFTA-ríkin eru beðin um að láta Eftirlitsstofnun EFTA vita, innan tveggja mánaða frá því að þessar reglur eru tilkynntar, hvort þau fallast á tilmæli hennar. Ennfremur ber EFTA-ríkjunum að tilkynna stofnuninni um ráðstafanir sem þau hafa gert til að fara eftir þeim, eigi síðar en fyrir 1. janúar 1999. Ef í ljós kemur, annaðhvort í þessum skýrslum eða á annan hátt, að fyrirkomulagið sem er við lýði í EFTA-ríkjunum feli áfram í sér ríkisaðstoð, mun stofnunin meta slíka aðstoð á grundvelli 61. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, í samræmi við stefnuna sem lýst er hér að framan.
- 15) Eftirlitsstofnunin mun, í samvinnu við aðildarríkin og aðila sem eiga hagsmuna að gæta, endurskoða skilgreininguna á markaðshæfri áhættu og beitingu þessara reglna í ljósi markaðsþróunar og hugsanlegrar EES-löggjafar þar að lútandi. Allar upplýsingar sem stofnuninni berast frá EFTA-

ríkjunum og aðilum sem eiga hagsmuna að gæta í tengslum við slíka endurskoðun munu, með leyfi þess er veitir upplýsingarnar, látnar öllum öðrum aðilum að endurskoðuninni í té.

IX. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR LÖND ÞAR SEM MARKAÐSHÆF ÁHÆTTA ER FYRIR HENDI OG SEM HAFNA SKAL HLÆÐSJÓN AF VIÐ BEITINGU REGLNANNA Í KAFLA 17A UM ÚTFLUTNINGSLÁNATRYGGINGAR TIL SKAMMS TÍMA

Lönd sem eiga aðild að EES-samningnum

- Austurríki
- Belgía
- Breska konungsríkið
- Danmörk
- Finnland
- Frakkland
- Grikkland
- Holland
- Írland
- Ísland
- Ítalía
- Liechtenstein
- Lúxemborg
- Noregur
- Portúgal

- Spánn
- Svíþjóð
- Þýskaland

Önnur lönd sem eiga aðild að OECD

og teljast til landa þar sem markaðshæf áhætta er fyrir hendi

- Ástralía
- Bandaríkin
- Japan
- Kanada
- Nýja Sjáland
- Sviss

Gjört í Brussel 4. mars 1998

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Knut ALMESTAD

forseti.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

